

Ed.

220. Breytingartillögur

[84. mál]

við frv. til l. um skráningu skipa.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Síðari másl. 6. tölul. 1. mgr. orðist svo: Stjórnendur skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, að minnsta kosti þrjá fimmtu af eign félags, samtaka eða stofnunar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Skip, sem fullnægja þjóðernisskilyrðum 1. mgr. 1. gr. eða skráð hafa verið samkvæmt 2. mgr. 1. gr., teljast íslensk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Óheimilt er þeim að sigla undir þjóðfána annars ríkis.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „eignarrétt“ í 1. másl. 2. mgr. komi: einkarétt.
4. Við 6. gr. Síðasta mgr. falli brott.
5. Við 10. gr. Orðin „sbr. 22. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 63 29. mars 1961“ í fyrri mgr. falli brott.
6. Við 13. gr. Á eftir orðunum „staðfest endurrit“ í 2. másl. 3. mgr. 13. gr. komi: eða ljósrit.